



Minnisblað

Móttakandi: Fræðsluráð Vestmannaeyja

Dags.: 8.07.2026

Sendandi: Jón Pétursson

Málsnr.: 202302025

Efni: Spá um áætlaða þörf á leikskólaplássum í Vestmannaeyjum

Í minnisblaði frá 3.3.2023 var lögð fram áætlun um þörf á leikskólaplássum skólaárin 2023 - 2024 til 2026 – 2027. Áætlunin gerði ráð fyrir fjölgun leikskólaplássa á Kirkjugerði og Sóla úr 213 börnum í 242 börn.

Í dag eru 237 börn í umræddum leikskólum sem er ekki langt frá þeirri áætlun sem lögð var fram 2023 og miðaði við að öll börn væru á leikskóla.

Í minnisblaðinu frá 2023 var gengið út frá því að börnum í árgangi fjölgi og árgangir í leikskólunum yrðu í kringum 60 börn. Það gekk að mestu eftir en nú eru vísbendingar um að meðaltalið lækki og verði nær 56 börnum í árgangi. Sveiflur í árgöngum valda erfiðleikum við að spá.

Kirkjugerð og Sóli geta tekið við allt að 230 – 240 börnum og ættu því að ráða við núverandi fjölda í árgöngum næstu 2 - 4 árin. Inntaka barna ræðst þó alltaf af aldri barna, inntökutímabilum og dvalargildum (aldur og dvalartími barns).

Árgangur	Fjöldi	Spá	Skólaárin						
			23-24	24-25	25-26	26-27	27-28	28-29	29-30
2019	37		37						
2020	52		52	52					
2021	64		64	64	64				
2022	71		71	71	71	71			
2023	56			56	56	56	56		
2024	53				53	53	53	53	
2025	54					54	54	54	54
2026		55					55	55	55
2027		57						57	57
2028		60							60
			224	243	244	234	218	219	226
meðalfjöldi			56	60,75	61	58,5	54,5	54,75	56,5

Í meðfylgjandi töflu má sjá stærð árganga frá og með hausti 2023. Árgöngum á leikskóla fjölgaði frá 2023 til 2026 en spár benda til þess að börnum fækki frá hausti 2026 þar sem stórir árgangar eru að færast upp í grunnskóla og nýjir árgangar með færri börn.

Erfitt er að spá fyrir um þörfina á leikskólaplássi en miðað við íbúaspá má gera ráð fyrir að árgangar færist nær því að vera 60 börn í árgangi og aukist eftir skólaárið 2029-2030.

Virðingarfyllt
Jón Pétursson sviðsstjóri
fjölskyldu- og fræðslusviðs